

um atvinnubótasjóð ríkisins.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Jónas Rafnar, Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir Atvinnubótasjóður ríkisins. Hlutverk hans skal vera að lána fé til atvinnuframkvæmda á þeim stöðum, er skortir framleiðslutæki, til þess að fullnægt verði atvinnuþörf íbúa þeirra. Skulu slíkar framkvæmdir miðaðar við sköpun varanlegrar atvinnu og afkomuöryggis almennings á hverjum stað. Einstaklingar, félagasamtök þeirra ásamt bæjar- og sveitarfélögum geta fengið lán úr sjóðnum.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til atvinnubótasjóðs 4 millj. kr. árið 1953, en síðan 2 millj. kr. á ári hverju næstu 10 ár. Enn fremur skal $\frac{1}{4}$ hluti af mótvirðissjóði renna í atvinnubótasjóð, eftir því sem lán hans innheimtast.

3. gr.

Stjórnir Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands skulu tilnefna hvor sinn manninn í stjórn atvinnubótasjóðs. Ríkisstjórnin skipar þriðja manninn í stjórnina, og skal hann vera formaður hennar.

Stjórn sjóðsins annast móttöku lánbeiðna og veitir lán úr honum í samráði við ríkisstjórnina.

Nánari ákvæði um starfsemi og stjórn atvinnubótasjóðs skulu sett með reglugerð.

4. gr.

Atvinnubótasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum til ríkis og bæjarfélaga og lánskjöl sjóðsins undanþegin stimpilgjaldi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunn staðreynd, að þótt atvinnutæki okkar Íslendinga séu nú fullkomnari og fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr, hefur þó orðið vart atvinnuleysis hér á landi nokkur undanfarin ár. Valda því ýmsar ástæður. Er þar fyrst að geta aflabrests hjá sumum greinum sjávarútvegsins og þá fyrst og fremst á síldarvertíð fyrir Norðurlandi. Erfitt veðurfar hefur einnig átt nokkurn þátt í atvinnuerfiðleikum til lands og sjávar.

Á ýmsum stöðum víðs vegar um land hefur atvinnuleysi beinlínis spröttið af skorti á atvinnutækjum. Einstakir kaupstaðir og kauptún hafa ekki átt nægileg framleiðslutæki til þess að fullnægja atvinnuþörf íbúa sinna.

Enginn ágreiningur ríkir um það, að atvinnuleysi sé ból í hverju því þjóðfélagi, þar sem þess verður vart. Vinnuaflíð er dýrmætasta eign þjóðarinnar. Á sem beztri hagnýtingu þess veltur ekki aðeins efnahagsleg afkoma og lífskjör fólksins, heldur og persónuleg hamingja einstaklinganna. Ekkert verkar eins lamandi á sálarlíf þeirra, trú þeirra á framtíðina og allt framtak eins og atvinnuleysi, sem leiðir skort og bágindi yfir heimilin. Hvorki hið íslenska þjóðfélag, sem er í mótun og uppbyggingu, né nokkurt annað þjóðfélag, hversu fullkomið sem það kann að vera, hefur efni á slíkri sóun verðmæta. Það er þess vegna almenn skoðun, að gegn atvinnuleysi beri að vinna af fremsta megni. Höfuðtakmarkið í atvinnumálum þjóðarinnar er því næg atvinna handa hverri starfhæfri hönd.

Bæði ríkisvaldið og bæjar- og sveitarfélög hafa á undanförunum árum talið sér skylt að stuðla eftir fremsta megni að atvinnubótum, þegar atvinnu hefur skort á einstökum árstíðum. En oft hafa þessar ráðstafanir náð of skammt og ekki falið í sér neina varanlega úrbót. Þær hafa fyrst og fremst verið bráðabirgðaráðstafanir, sem ekki hafa megnað að leysa atvinnuþörf hinna einstöku byggðarlaga.

Í þessu sambandi er þó þess að geta, að með kaupum hinna nýju togara til landsins og staðsetningu verulegs hluta þeirra í kaupstöðum og sjávarþorpum úti um land hafa stór spor verið stigin til aukins jafnvægis í atvinnulífi sjávarsiðunnar. Hefur ríkisvaldið lagt fram verulegt fé til þess að gera einstökum byggðarlögum, er báglega voru á vegi stödd, kleift að eignast slík framleiðslutæki. Hefur orðið að þeim mikil atvinnubót á þeim stöðum, er þeirra njóta. En marga kaupstaði og kauptún skortir enn þá atvinnutæki til þess að fullnægja atvinnuþörf íbúa sinna.

Með frv. því, sem hér er flutt, er lagt til, að stofnaður verði sérstakur sjóður, atvinnubótasjóður, til þess að stuðla að atvinnuframkvæmdum á slíkum stöðum. Er gert ráð fyrir, að þær miði fyrst og fremst að varanlegri lausn atvinnuþarfa byggðarlaganna, en byggist ekki á neins konar klakahöggi eða svipuðum bráðabirgðaráðstöfunum, sem stundum hefur verið gripið til, þar sem atvinnuleysi hefur sorfið að fólkinu. Það er hugmynd flutningsmanna, að einstaklingar, félagasamtök þeirra eða bæjar- og sveitarstjórnir hefi forgöngu um slíkar framkvæmdir, en ríkið hafi ekki af þeim annan veg eða vanda en að leggja fram fé til þeirra. Hér er því ekki verið að stofna til ríkisrekstrar, heldur stuðnings við einstaklinga og félagasamtök einstakra byggðarlaga.

Lagt er til, að ríkissjóður leggi fram 4 millj. kr. til stofnunar atvinnubótasjóðs á næsta ári. Er það sama upphæð og síðasta Alþingi heimilaði ríkisstjórninni að verja á þessu ári til þess að bæta úr atvinnuferfiðleikum í landinu. Mun því fé þegar hafa verið ráðstafað. Þá er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 2 millj. kr. á ári í sjóðinn næstu 10 ár. Enn fremur skal einn fjórði hluti mótvirðissjóðs renna í atvinnubótasjóð, eftir því sem lán hans innheimtast. Mótvirðissjóður mun nú vera orðinn um 320 millj. kr. og verður að öllum líkindum nokkru hærri. Hefur Alþingi lýst yfir þeim vilja sínum með þingsályktun frá síðasta þingi, að helmingi hans skuli varið til lánastarfsemi í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún. Virðist hóflegt, að helmingur þess hluta, sem varið verður til framkvæmda við sjávarsíðuna, renni í atvinnubótasjóð.

Það er skoðun flm., að brýna nauðsyn beri til myndunar slíks sjóðs. Það er ekki nóg, að bráðabirgðaráðstafanir séu gerðar til úrbóta í atvinnumálum, þegar atvinnuleysi sverfur að. Mestu máli skiptir, að unnt sé að koma í veg fyrir, að það skapist. Misjafnt árferði, aflabrestur og veðurharka geta að vísu torvelað framleiðslu- starfsemi og ýmiss konar starfrækslu um lengri eða skemmri tíma. En því betri og fjölbreyttari sem atvinnutækin eru og því skynsamlegar sem þeim er skipt milli landshluta og byggðarlaga, því meira verður mótstöðuþrek þjóðarinnar. Hlutverk atvinnubótasjóðs á að vera að stuðla að auknu jafnvægi og öryggi í atvinnumálum okkar og koma í veg fyrir það höl, sem atvinnuleysi hefur ævinlega í för með sér. Þetta er stórt hlutverk og þýðingarmikið. Þess vegna má stofnun sjóðsins ekki dragast.

Það er von flm., að um þetta mál geti tekizt gott samkomulag, þannig að það fá skjóta afgreiðslu.